

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 9. apríl 2008 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2007 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, miðvikudaginn 9. apríl 2008 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Árni Þór Þorbjörnsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2007.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2007.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgangsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.
- 7) Kosning varamanna.
- 8) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 9) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega og voru þeir auglýstir á heimasíðu sjóðsins. Auk hefðbundinna starfa stjórnar sem felast m.a. í afgangslu á umsóknum um elli-, örorku, maka- og barnalífeyri og lánsumsókn, vann stjórnin mikið með tryggingafræðingi og lögfræðingi vegna breytinga á samþykktum sjóðsins. Jafnframt var unnið með endurskoðendum vegna innri og ytri endurskoðunar og skýrslugerðar til Fjármálaeftirlitsins og með fjárvörsluaðilum vegna fjárfestingastefna deildanna.

Hámark sjóðfélagalána er nú 25 milljónir til allt að 40 ára og vextir lánanna eru nú 5,2% og óbeint tengdir vöxtum Íbúðalánasjóðs.

Starfsmenn sjóðsins eru 3 í þremur stöðugildum og sjóðurinn er enn til húsa að Suðurlandsbraut 24. Mat stjórnar er ennþá það að rétt sé að fela fjárvörsluaðilum ávöxtun fjármuna sjóðsins frekar en að ráða sérstakan sjóðsstjóra til sjóðsins.

Friðbert fjallaði sérstaklega um þær aðgerðir sem gripið var til á árinu til lausnar vanda Hlutfallsdeildarinnar. Rifjaði hann m.a. upp þær forsendur sem gengið var út frá við stofnun Hlutfallsdeildar. Fyrir lá fyrir all nokkru að þessar forsendur hefðu ekki gengið eftir.

Friðbert rifjaði upp meginatriði þeirrar lausnar sem aðilar urðu sammála um:

- Aðildarfyrirtækin greiddu inn vegna hækkunar launa sjóðfélaga Hlutfallsdeildar umfram þær hækkanir sem fólgnað eru í kjarasamninga SÍB frá ársbyrjun 1998 til ársloka 2005
- Fyrirtækin greiða inn allt að 25 milljónir á ári vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins (umfram 10 millj.)

Markmið með samkomulaginu er að koma sjóðnum niður í ca -3,5% hreina eign m.v. heildarskuldbindingar, en staðan var -10,8% í árslok 2005. Ef raunávöxtun nær a.m.k. 4,6% að meðaltali næstu árin þá duga þessar aðgerðir til að ekki þurfi að skerða réttindi í sjóðnum.

Á árinu 2007 var unnið að því að koma öllum eignum deildarinnar yfir í íslenskar krónur, en í árslok 2006 voru 14,37% af eignum deildarinnar í erlendum gjaldmiðlum. Áður var búið að selja nánast öll innlend hlutabréf. Þessu marki var náð á haustmánuðum 2007, þannig að í árslok 2007 eru eignir deildarinnar allar í íslenskum krónum. Fjárfest var í íbúðarbréfum með mislangan líftíma, þar sem greiðslur parast vel á móti útgreiðslum lífeyris á næstu árum, og einnig gerður samningur um bundinn innlánsreikning á góðum vöxtum auk verðtryggingar. Þessi endurfjárfesting var gerð á góðum tíma og gaf Hlutfallsdeildinni gott endurmat á eignum.

Hrein eign í Hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris hækkaði á árinu um 1.229 m.kr. Hrein raunávöxtun ársins var rúmlega 1,67%. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun og þolir ekki miklar sveiflur í ávöxtun og þess vegna var farið með eignir yfir í verðtryggðar íslenskar krónur. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár er 5,97%.

Friðbert sagði að raunávöxtun hefði verið góð miðað við áhættu og ástand markaða á árinu 2007. Hrein eign umfram heildarskuldbindingu í árslok 2006 var -2,95% þrátt fyrir mikla vinnu stjórnar og góðan samning við aðildarfyrirtækin það ár. Hrein eign umfram heildarskuldbindingu í árslok 2007 er enn betri vegna endurfjárfestinga og endurmats á eignum, eða +0,19%. Deildin á nú fyrir heildarskuldbingum, en staða hennar var -10,8% í árslok 2005 og stefndi í algjört óefni.

Friðbert gat þess að greiðandi sjóðfélögum fækkar. Greiddur lífeyrir er nær þrefalt hærri en innborganir sjóðsfélaga. Fjöldi greiðandi sjóðfélaga er 529 og fækkaði um 36 á árinu. Fjöldi sjóðfélaga með lífeyri er 624 og fjölgaði um 26 á árinu. Helstu óvissuþættir nú, umfram lengri lífaldur og aukna örorkubyrði, eru lífaldur við lífeyristöku og nýting 95-ára reglunnar. En Friðbert telur að deildin sé nú í frekar góðum málum og grundvöllur hennar og eignir traustari en áður var. Einnig gerir samningurinn við aðildarfyrirtækin sjóðnum mögulegt að meta betur hugsanlegar launahækkanir næstu ára. Sömuleiðis gerir eignasafnið sjóðnum auðveldara að para saman tekjur deildarinnar og útgreiðslu lífeyris.

Þá snéri Friðbert sér að umfjöllun um Stigadeild. Almennir stigasjóðir voru fyrst stofnaðir á árunum 1968 – 1970. Stigakerfi varð niðurstaðan og átti að vera ákveðin sátt milli kynslóða og kynja. Slíkir sjóðir gera ráð fyrir að jafn mörg stig fáið fyrir iðgjaldið hvort sem sjóðfélagi er 25 ára eða 55 ára. Kaupmáttur eykst með hækkandi lífaldri og sjóðirnir standa ekki undir loforðum þar sem ávöxtunartími var of stuttur. Aldurstenging réttinda gefur meira samræmi milli framlaga til sjóðsins og réttinda úr sjóðnum. Af þessum sökum var farið í þá aðgerð að breyta Stigadeild í Aldursdeild.

Aðferðin við breytinguna var vel kynnt fyrir sjóðfélögum Stigadeildar. Umframeign var notuð til að bæta stöðu þeirra sem greiddu inn til deildarinnar í desember 2007 og eiga eldri réttindi og þannig er áætlað réttindatap við breytingu bætt. Stjórnin lagði í mikla vinnu allt árið 2007 við gerð nýrra samþykpta fyrir Stigadeildina. Þessi vinna fór fram með lögfræðingi og tryggingafræðingi sjóðsins. Á ársfundinum í apríl 2007 voru breytingar lagðar fram til kynningar, fundinum frestað í nokkra mánuði meðan breytingar voru kynntar fyrir sjóðfélögum, yfirlit yfir útreikninga hvers og eins send út og síðan haldinn framhaldsfundur í september þar sem breytingarnar voru samþykktar. Aðildarfyrirtækin tóku

sér nokkurn tíma, en samþykktu fyrir árslok og FME og Fjármálaráðuneytið samþykktu síðan í mars 2008.

Hrein eign Stigadeildar, sem hér eftir mun heita Aldursdeild, til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.010 m.kr. Hrein raunávöxtun var 0,71%, en sú ávöxtun helgast af erfiðu markaðsástandi. Meðal raunávöxtun almennra lífeyrissjóða er um 0,5% á árinu 2007. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár er 8,07%. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun en þolir sveiflur í ávöxtun þar sem útgreiðslur verða ekki miklar næstu árin. Eignir í íslenskum krónum eru 75,97%, en í erlendum gjaldmiðlum 24,03%.

Nokkur fjölgun varð meðal sjóðsfélaga á árinu eða um 222 og eru sjóðfélagar nú 2013. Á lífeyri eru 49, þar af helmingur vegna örorku. Innborganir sjóðsfélaga eru mikið hærri en greiddur lífeyrir og allir nýráðnir greiða til Aldursdeildar. Nauðsynlegt að aðildarfyrirtækin standi við þann samning að allir nýir starfsmenn greiði til Lífeyrissjóðs bankamanna.

Að lokum gat Friðbert þess að í næstu kjarasamningum verða samningsaðilar að semja um hækkun iðgjalda atvinnurekenda úr 6% í 8% í lögbundna samtryggingarlífeyrissjóði. Ákvæði um þetta voru sett inn í lög um lífeyrissjóði í upphafi árs 2007. Frestur er gefinn til næstu kjarasamninga sem er í október 2008 hjá SSF. Líkleg niðurstaða að iðgjöld í báðar deildir verði hækkuð þannig að Hlutfallsdeild fari í 20,4% og Aldursdeild í 12%. Ekki verður unnt að auka réttindi nema sjóðurinn standi mjög vel, t.d meira en 10% umfram heildarskuldbindingar á einu ári. Rekstrargrundvöllur beggja deilda er nú betri og borð fyrir báru vegna hækkunar lífaldurs og aukinnar örorkubyrði.

Fundarstjóri gerði tillögu um að skýrslan yrði rædd eftir að ársreikningur hefði verið kynntur og gerði enginn athugasemd við það.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann fyrir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2007. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign Hlutfallsdeildar hækkaði um 4,97% og raunávöxtunin var 1,67%. Hrein eign Stigadeildar hækkaði um 19,94% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 0,71%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Eftir skýrslu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um skýrsluna og reikninga deildanna. Þá tók til máls Davíð Harðarson og spurði Friðbert hvort til álita hefði komið að sú hækkun sem fyrirjáanlega yrði samið um í næstu kjarasamningum yrði varið í séreignarsparnað. Friðbert svaraði eftir bestu getu.

Guðríður Kristjánsdóttir spurði út í tölur úr reikningi Stigadeildar varðandi árangurstengda greiðslu til fjárvörsluaðila og fékk svör sem hún sætti sig við.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans lágu fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirbyggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna var sú varðandi Hlutfallsdeild að eignir eru 0,19% umfram skuldbindingar og hefur staða deildarinnar batnað verulega frá síðustu tryggingafræðilegu úttekt. Niðurstaðan nú er að mati Bjarna innan þeirra marka sem ákvæði laga nr. 129/1997 tilgreina.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna varðandi Stigadeild var sú að skuldbindingar eru 6,29% umfram eignir. Staða Stigadeildar er innan þeirra marka sem lög kveða á um en einungis rétt svo. Næsta tryggingafræðilega úttekt verður með öðrum hætti eftir að búið er að breyta deildinni í Aldursdeild.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður, og gerði grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2007. Helga tók fram að tekin var ákvörðun um kúvendingu á fjárfestingastefnu Hlutfallsdeildar eins og kom fram í máli Friðberts.

Helga gerði grein fyrir mismunandi fjárfestingarstefnu hvorrar deildar sjóðsins en tók jafnframt fram að ekki eru allar eignir sjóðsins í fjárvörslu. Þar sem fjárfestingarstefna Stigadeildar er áhættusæknari er eðlilegt að ávöxtun þar hafi verið hærri en það þýðir að sveiflur verða meiri að sama skapi.

Nokkrar umræður sköpuðust um fjárfestingastefnu og árangur fjárvörsluaðila.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

6) Kosning stjórnarmanna skv. 2.gr.

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá tillaga um að Friðbert Traustason, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson, sem öll eru núverandi stjórnarmenn, yrðu kjörin, en þessi þrjú höfðu skilað inn framboðum til stjórnar í samræmi við samþykktir. Þar sem ekki höfðu komið fram fleiri framboð voru þau sjálfkjörin.

7) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna í stjórn. Fyrir fundinum lá tillaga um að 1. varamaður yrði kjörinn Kjartan Sigurgeirsson, 2. varamaður yrði kjörin Nanna Harðardóttir og Oddgeir Gunnarsson yrðir kjörin 3. varamaður. Fleiri tillögur höfðu ekki borist stjórn og voru þau því sjálfkjörin.

8) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 50.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 25.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhjóða.

9) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum.

Brynjófur Samúelsson, bar upp tillögu varðandi breytingu á þeim upplýsingum sem koma fram á launaseðlum. Tóku stjórnendur vel í beiðni Brynjólfs og munu kanna hvort henni verður ekki við komið.

Anna Kjartansdóttir tók til máls og ræddi tillögu sem hún hafði sent sjóðnum en var ekki á dagskrá á fundinum í dag. Tillagan varðaði breytingu á ákvæði vegna dánarbóta í samþykktum Hlutfallsdeildar

sem Anna taldi að myndi koma í veg fyrir að greiddur yrði tekjuskattur af slíkum greiðslum. Anna skoraði á stjórn sjóðsins að skoða þetta mál með aðstoð skattasérfræðinga.

Friðbert tók vel í að þetta yrði kannað án þess að breyta þyrfti samþykktunum.

Ólöf Björnsdóttir tók til máls varðandi kjör sín sem örorkubótaþega hjá sjóðnum en hún upplýsti um að þær bætur sem hún fær frá sjóðnum væru svo lágar að hún fengi launauppbót frá Tryggingastofnun.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið rétt eftir kl. 19:00. Fundarmenn voru um 47 talsins.

Reykjavík 9. apríl 2008

Fundarstjóri:

Fundarritari: